



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir snyrtistofu (Mali studio) að Síðumúla 15, F2015208, rými 01 0202.

Nafn leyfishafa: Mali studio ehf.

Heimilisfang: Síðumúli 15, 108 Reykjavíkurborg

Kennitala: 560822-0490

Gildir frá: 4. september 2025

Gildir til: 4. september 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 4. september 2025


HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Mali studio ehf

kt. 560822-0490

Síðumúla 15

vegna snyrtistofu í starfstöð fyrirtækisins að Síðumúla 15.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	Umsókn dags. 04.04.2025
Rekstraraðili, kt.	Mali studio ehf. Kt. 560822-0490
Heiti fyrirtækis	Mali studio
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Síðumúla 15, fasteignanúmer (F2015208), rýmisnúmer (01 0202).
Tegund starfsemi	Snyrtistofa skv. tölulið nr. 42 í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tílefni umsóknar	Ný starfsemi.
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting barst 22.07.2025.
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	30.7.2025 þegar auglýsing á tillögu að starfsleyfi var birt á vef HER. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi viðkomandi starfsleyfisskilyrði fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi. Auglýsing var birt á vefsíðu HER
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1856, afgreiðslufundur HER þann 04.09.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsögn byggingarfulltrúa barst 22.7.2025. Umsókn var þá metin fullnægjandi.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

3. Undanþága ráðherra frá reglugerð nr. 903/2024.

Á ekki við.

4. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

5. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

6. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

7. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

8. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags. 10. september 2025, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Harpa Lind Björnsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi